...fundist og ...
... um neitt málefni, sem
... þekkir ekki"., á að vera:
... getur ekkert fundist" og
... haldi ... neitt um málefni,
... maður þekkir ekki.

... þessi ... koma ... ...
in næsta mánudagskveld kl. 8½ á
sama stað, og er það gert fyrir á-
skorun fjölmargra, sem þótti hún
svo góð, að þeir vilja njóta skemt-
unar af henni aftur og má þá bú-
ast við húsfylli.

"Eg fékk þá elskulegustu brauðköku með því
að nota ROYAL HOUSEHOLD MJÖL, það
gat ekki hafa orðið betra,—svo hvítt, létt og
gótt sem mögulegt var." Þetta er kafli úr bréfi
frá einum notanda

Ogilvie's "Royal Household" ...

| Kemur út annan hvern Laugardag, ekki minna en 6 (sex) póstpappírsarkir í senn. | Sveitarblað. | Uppsögn skilbundin við sumarmál. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 25. April. |
|---|---|---|

# Hallfarinn.

| 1. árg. | 1. Kerfi 1. Blað. | № 1 |
|---|---|---|

Vedramótum. Laugardaginn 12. Jan 1901.

Björn Jónsson

Ritnefnd { Stefán Björnsson, Jón Björnsson

# Nokkur

## ávarpsorð fyrir „Fjallfara"

Þá kemur nú „Fjallfarinn" í fyrsta skipti
fram í skotunnar plássið. Hann og
gengur nú öruggur og ókvíðinn fram
til sýnis öllum þeim sem vilja
styrkja hann. Fyrst og fremst til þess
að haldast við lýði, og svo í öðru lagi
til þess að tilvera hans verði bæði sjálf-
um honum og öllum hans styrk-
tarmönnum til gagns og sóma.
Þess gjörist varla þörf að geta þess
hvernig á snáðanum stendur; nokk-
rir geta þess (ef til vill) til, að hann sé
kominn langt að, einhverstaðar utan
úr heimi, en hvort tilgátan er rétt

ða röng skiftir engu. Hitt vitum
vér allir að hann er umkomulaus
unglingur sem er að öllu leyti ~~uppfrá~~
er kominn uppá góðvild og aðhaldi
þeirra sem honum hafa heitið aðstoð
sinni og liðveizlu í baráttu hans
fyrir tilveru sinni. Hann veit það
þótt ungur sé að hver sá sem hugsa
vill um hagi hans vinnur um
leið sjálfum sér stórgagn, og því meir
sem hann lætur sér annara um
gagn hans og velferð. Gagnið sem
hver og einn vinnur sjálfum sér á þenn
an hátt er fólgið í því sama grund-
vallaratriði sem allt annað: að því
meira sem maðurinn æfir eitt hvað
(hvað svo sem það er), því léttara verður hon-
um það og af því leiðir aftur að hann
getur afkastað meiru og er að öllu
leyti færari í list sinni en hann
var í byrjun, og á meðan hann var

viðvaningur. Það sem kemur
til umhugsunar og þankabrots um
hitt eður þetta efni getur því ekki verið
um annað en áreynslu og æfingu skyn-
seminnar að ræða, þessa dýrmæta eigin-
legleika sem manninum er gefið og
sem honum er svo ómissandi. Um
hvað ætti honum þá að vera annara en
æfa hana og þá um leið efla hana og
glæða sem með æfingunni kemur af
sjálfu sér, því með æfingu og glæðingu
skynseminnar verður maðurinn fær
um að skilja og álykta um ýmsa þá
hluti sem honum áður var ef til vill
alveg óskiljanlegir. — Þar eð þessi litli
umrenningur getur þó í smáum
stíl sé gefið mönnum tilefni til
æfingar skynsemi sinnar, þeim til
svo ómetanlegs gagns þá leiðir þar af
að hann er heimtufrekari og kröfu-
harðari, en hann ella mundi vera til

vér allir er honum hafa trúnað
heitið. En þá komum til vorra kosta með
að uppfylla skyldur vorar við hann,
en þær eru aðallega fólgnar í því að
vér eigum að kappkosta að ala hann
upp og viðhalda lífi hans á þann
hátt er vér höfum bezt vit á. Meira
getur hann ekki með sanngirni heimt-
að, og gjörir heldur ekki. Hann veit að
verk vort, í tilliti til hans er allvanda-
samt en vér óvanir og viðvaningar
að vinna það. Til alls þessa tekur hann
nákvæmt tillit.

Óska eg svo þessum litla Fjallfara
til allra heilla og hamingju á þessari
nýbyrjuðu braut hans og vona eg og
óska þess, að eins og hann leggur af stað
fram á hina samhliða þessari nýju
öld, þá verði honum auðið að fylgja
henni sem lengst, og sem fæstar
tálmanir og lífshættur verði fyrir
honum á lífsleið hans. Allir heilla-
vættir verndi hann á tíð og velgjörð-
amenn hans alla.

XIII. + III. = L.D

# Reglugjörð fyrir Fjallfara

Sökum þess að nokkrir menn í Göngu-
skörðum hafa komið sér saman um að
halda út ofurlitlu sveita blaði í vetur
sem einungis gangi milli þeirra bæja
þar sem félags menn eiga heima, þá leyf-
um vér oss að birta hér ofur litla reglu-
gjörð, sem gildir fyrir þetta áður greinda
blað.

1. grein

Blaðið skal heita Fjallfari.

2. grein

Fjallfari skal koma út annað hvort
Laugardag ekki minna en 6 (sex) póst-
pappírsarkir í senn. En þó skal ritnefnd
heimilt að bæta við það, eða henni sýnist svo

eda ef mikid berst ad af ritgjördum

### 3. grein

Ritnefnd skal kosinn í hverjum mánudi og skulu í henni sitja 3 menn, gefur þá hver ritnefnd út minst 2 blöd. Blöd þau er koma út á einum mánudi kallast hefti hvort þau eru 2, 3 (eda 4) Ritnefnd skal taka á móti ritgjördum, sögum og kvædum og færa þær inní bladid, og skal hún ábyggjast bladid ad öllu því leyti, sem þad er uppfylt af ritdeilum, eda ~~ödrum~~ ósæmilegum ritum, sem ritad er undir dularnafni, eda nafnlaust. En skrifi ekki höfundur sitt rétta nafn undir sit rit, þá hvílir engin ábyrgd á ritnefndinni, en á hennar valdi er þad hvort hún tekur slíkar ritgjördir í bladid.

### 4. grein

Hver og einn af medlimunum hinu ádur nefnda bladfélagi, eru skyldugir til ad taka á móti kosningu til ritnefndar, 1 eitt tímabil (1. mánud) í senn. En þó er enginn skyldugur ad taka á móti endurkosningu fyrr en 2 mánudir eru lidnir frá því ad hann var sídast í ritnefnd.

### 5. grein

Gangsvid bladsins skal vera öll Gönguskörd ad undanteknum Hryggjum og Skálahnjúk. Enginn af þeim sem bladid hefir undir hendi má nokkru sinni láta þad ganga lengra enn hér er sagt, né láta óvidkomandi menn sjá þad, nema 2/3 parta félagsmanna samþykki þad.

### 6. grein

Enginn má taka afskrift af bladinu né sérstökum greinum, sögum eda kvædum sem í því kunna ad birtast; nema því adeins ad hann hafi sjálfur samid þad edur ort.

### 7. grein

Bladinu skal haldid út frá þessum tíma til sumarmála, þá skulu félagsmenn eiga fund med sér, um þad hvad med bladid skuli gjöra og hvort því skuli haldid út næsta vetur

Fundur þessi skal haldinn 28. april n. k.

8. grein

Vilji einhver ganga í blaðið verður hann að sækja um það til þá verandi rit nefndar og ræður hún því hvort hann er tekinn í félagið eður eigi; en þó má hún ekki neita honnum um inn göngu í félagið, nema hún geti fært sérstakar ástæður fyrir því, og skal hún þá gjöra það skriflega í næsta tölublaði. Sömuleiðis skal þess getið ef nýr meðlimur hefir gengið í blaðið. Rit nefnd skal og sjá um þá er hún hefir gefið út hið síðasta blað á fjórtímabili sínu, að nýjar kosningar framfari til ritnefndar fyrir næsta tímabil á eptir

9. grein

Því aðeins er hverjum félagsmanni heimilt að rita ~~með~~ í blað þetta undir dularnafni, að ritnefnd sé því samþykk, og sendi verður sá er ritar nefndinni sitt rétta nafn með rit smíðum sínum.

10. grein

Séu ritnefndar menn ekki allir á sama máli um það er við víkur blaðinu ræður afl atkvæða úrslitum þess máls: eða með öðrum orðum það það skal vera sem tveir þriðju partar nefndarinnar vilja vera láta

11. grein

Skylt er öllum félagsmönnum að sjá um að blaðið gangi fljótt og greiðlega rétta boðleið. Sömuleiðis sjá um að vel sé farið með það meðan þeir hafa það undir hendi

12. grein

Þá er allir meðlimir blaðsins eru búnir að lesa það, skal síðasti hand hafi þess senda það hirði blaðsins Guðmundi Þorleifssyni í Heiðarseli, og skal hann geyma það til vors en þá koma félagsmenn sér samanum hvað við það skuli gjöra

Ath. Vilji nokkur gjöra athugasemd, eða breytingu við þessa reglugjörð þá skal hann helst gjöra það í næsta blaði.

Eg get vel ímyndað mér að margir verði til þess að gjöra athugasemdir við reglugjörð þessa

því margt er van hugsað í henni enda hafi
eg samið hana án þess að ráðfæra mig við neinn af félags
mönnum ~~hafi hjálpað mér til þess~~ eða þeir
hafi látið í ljósi álit sitt um hana.

Þeir sem vilja samþykkja reglugjörðina
óbreytta eru beðnir að skrifa nöfn sín
hér undir.

Stefán Björnsson Jón Björnsson
Björn Jónsson S. H. Björnsson
~~Sigurður Friimannsson~~
Bjarni Gíslason
Sigríður Guðmundsdóttir
Pétur Jakobsson
Magnús Jónsson Guðm. Þorleifsson

# Aldamótin

Þótt eg viti vel að Fjallfari litli sé
ekki fær fyrir þungum byrðum um
þessa örlitlu leið sína jafnungum og
óvönum sem hann er ferðalagi ætla
eg þó í trausti hans góða vilja að leyfa
mér að biðja hann fyrir fáeinar línur
frá mér. Virðist það ekki illa til fallið
að óska þess um leið og hann hefur
ferð sína um Göngu skörðin að hann
taki örfá orð um tímamótin nýliðnu.
Það er í sannleika sérmerkileg tak-
mörk sem nú stöndum við á; tak-
mörk hinnar gömlu og nýju aldar. Ef
mönnum finnst hver áramót merki-
leg sem þau og líka eru, þar eð þau
skipta hinum örstutta tíma hérvera
mannanna, hvað má þá segja um heila
öld, þegar 100 ár eru liðin og ný tíma
röð runnin upp. Eg er viss um að

á hjörtum allra Íslendinga sem
komnir eru til vits og ára, og sem nokk-
uð hugsa, hafa við þessi ára og aldamót
vaknað alvarlegar hugleiðingar og um-
leið og þeir hafa rennt sínum huganum
yfir hina liðnu öld, og þá jafnframt
yfir sitt liðna æfiskeið, hljóta þeir einnig
að hafa orðið hrifnir af heitu og hjartanl.
þakklæti við áranna og aldanna eilífa
höfund sem svo föðurlega hefir haldið sinni
mildu og máttugu verndarhendi yfir
fósturjörðinni, og hverjum einstökum
innbúa hennar, því það hlýtur öllum
að vera ljóst að íslenzka þjóðin hefir
á liðnu öldinni notið svo margra
andlegra og líkamlegra gæða að skylt
er að kannast við það og þakka það
með hrærðum hjörtum. Því þótt
ýmislegt þyki og hafi þótt ama að í
hinni liðnu öld, hefir þó ávallt hið góða
og geðfelda verið meira og fleira og það
hefir allajafnan fallið oss ríkuglega í skaut

þótt vér höfum of oft gleymt því.
Einkum virtist mér að síðari hluti hinn-
ar, sem nær er oss er nú lifum hafi
verið þjóðinni hagfeldari í flestu tilliti
þótt öðru hvoru hafi ýmislegt það að
borið og uppá fallið er erfitt hefir mátt
kalla, en það er flest vægara sem forsjón-
in hefir á oss lagt en það sem komið
hefir fyrir á hinum fyrri öldum, og margt
af því sem orðið hefir þjóðinni þyngst í
skauti hefir haft upptök sín hjá
henni sjálfri eða hennar ráðandi mönn-
um (svo sem þingmönnunum). Lítum
vér aftur í tímann og rennum hugan-
um til hinna liðinna alda og þeirra
hörmunga sem þá dundu yfir land
og lýð, þegar að jarðeldarnir og drepsótt-
ir á fólki og fénaði, geysuðu yfir og eyði-
lögðu heil héruð og fjölbyggðar sveitir,
þegar verzlunarkúgunin og margskon-
ar hörmung, steig svo stórum fetum
yfir landið að innbúar þess liðu hina

sárustu neyð af hungri og hrundu
niður hundruðum og þúsundum
saman. Þegar vér nú hugleiðum þetta
þá finnum vér bezt mismuninn.
Á síðari hluta aldarinnar má heita að hvert
árið hafi öðru betra verið, og virtist mér
hægra að lifa því lífi, er síðustu mönn-
unum sömu í öllu tilliti en á liðinni öld-
inni, og jafnvel á fyrri hluta þessar-
ar aldar, sem mér er sérstaklega kunn-
ur. Nú eru atvinnuvegir nir komnir í
allt annað horf en þeir voru þá, og
allskonar menning meðal þjóðarinn-
ar bæði í andl. og verklegu tilliti má
heita að sé eftir staðháttum og öllum
kringumstæðum á viðunanlegu stigi
og þótt vér í þessu stöndum langt að
baki nágrannaþjóðanna sem vonlegt
er, þá stefnum vér þó að mínu áliti
í rétta átt, þó um auðvitað ofur hægt en
þokumst þó áfram. — Það má ekki
heimta það af íslenzku þjóðinni að

hún geti nú þegar staðið jafnframar-
lega á framfarabrautinni og aðrar
þjóðir, til þess ber svo ákafl. margt og
meðal annars það, hve mjög hún var
hörmulega beygð og lömuð af marg-
konar þrautum og þjáningum á
fyrri öldunum, sem áður er drepið á.

Einhver kann nú að segja: „Þú segir
allt of mikið af framförum okkar
og sýnir einungis björtu hliðina, en
sérð ekki eða villt ekki sjá neitt af
hinum dimmu og skuggalegu hliðunum
sem nógar eru þó hjá oss. Hvar sjást
þessar svo kölluðu framfarir? Nú eru
skuldir og ýmislegt basl og örðugleikar
meiri en vér hyggjum að átt hafi sér
stað á fyrri öldum, þrátt fyrir allt
framfaraskrumið þitt. Til þessa svara
eg: Skuldir eru að vísu allmiklar og of
miklar á mönnum nú, en að gæt-
andi er og það skulum vér og athuga að þær
eru að sem betur fer ekki allar sprottnar

af óhagfeldri verzlun eða ofmiklum
munaðarvöru kaupum, þótt mik-
stafi af þeim, er mönnum er nú
svo varið að þeir hafa löngun til að láta
sér líða sem bezt, það er samkvæmt mann-
eðlinu að lifa þægilegu lífi, bæði til fæðis
klæðis, húsa og alls aðbúnaðar, og á þetta sér
hvarvetna stað hjá þjóðunum þeim sem
lengst eru komnar í menntun,
framförum og þroska í öllum grein-
um. þetta er förunautur framfar-
anna. Það getur ómögulega samrýmst
framfarir í andlegu og líkamlegu tilliti
og skrælingjalifnaðarháttur, enda fer
þetta aldrei saman hjá nokkurri þjóð.
Skuldirnar stafa líka af mörgu öðru en
munaðarvöru og glysvörukaupum, þær
stafa líka víða, mikið af kostnaði við
aukna menntun, betri húsakynni
umbætur á ábýlisjörðum og mörgu
öðru þarflegu og nytsömu sem bendir
í framfaraáttina, þótt það sem stend-

ur verði til að auka skuldir og þrengja
efnahaginn í bráðina, þá munum vér
síðar uppskera ávextina af þeim kostn-
aði. Ég er svo trúmaður að ég hefi ó-
bifanlega trú á framförum landsins
og þjóðarinnar íslenzku, ef fólkið „þorir
Guði að treysta, hlekki að hrista, hlýða
réttum, góðs að bíða". Já Ísland á óefað
glæsilega framtíð fyrir höndum á hinni
nýju öld ef þjóðin treystir Drottni
og vinnur ótrauð í hans nafni að
framförum fósturjarðarinnar með
dáð og drengskap, þrekki og þolgæði, og
einbeittum áhuga sameinuðu stöðugri trú
á framfarirnar. Vér megum ekki þreyt-
ast í baráttunni, og ekki örvænta um
sigur hins góða og göfuga málefnis.
Vér verðum sjálfir hver einstakur og
allir í sameiningu að leggja alla okk-
ar krafta fram, sjálfum oss og niðjum
vorum til velmegunar andlegrar og
líkamlegrar, tímanlegrar og eilífrar.

Með þessari óbifanlegri von, óska
eg ykkur kæru sveitungar og ná-
búar til allsgóðs, allra gæfu og gengis
á þessari nýbyrjuðu öld. —
Enda eg svo þessar fjórðu hug-
leiðingar, treystandi vægum og mann-
úðlegum dómi ykkar kæru vina.

Ritað á stuttri kvöldstundu.

D. L.

# Ísland og Vesturheims-ferðirnar

Stjórnarskrármálið hefir verið nú
á síðustu tímum hæst skipað á
dagskrá hjá oss Íslendingum, sem
aðalfrelsis og framfaramál þjóðar-
innar, og þetta er nú efalaust rétt.
En svo er einnig annað mál sem eg
álít mjög nauðsynlegt að veita betri
athygli en gjört hefir verið hingað
til, en það eru hinar svo kölluðu „Vest-
urheimsferðir“ þetta er það sem þó
er látið mjög afskiptalítið, þótt margir
játi að slíkt sé hið mesta tjón bæði
fyrir land og lýð, þar sem hið mesta
af því fólki sem fer til Vesturheims
er vel vinnandi. Það segja nú ef til
vill sumir að það sé líka margt af
því ómagafólk. En þar til svara eg að
slíkt sé ekki hvað minnst tjónið
fyrir þjóðina í heild sinni að missa
vel vinnandi fólk með efnilegum
börnum, því hvað er framförum
Íslands til meiri tálmunar en
fólksfæðin og vinnukraftsleysið, er
hlýtur að vera ýmsum nauðsynlegum
fyrirtækjum til fyrirstöðu. Eg fyrir
mitt leyti álít Vesturheimsferðirnar
hið hættulegasta átumein á þjóðlík-
amanum íslenzka, sem innan
skamms verði fullkomin þörf á að

setja einhver dálítil takmörk.
Það mun ní mögum finnast að þjóðfélaginu beri að fara út um þúfur ef farið væri að banna vesturheimsferðir, en varla mun þurfa að kvíða því að þær verði alveg afteknar, en að reynt væri að sporna við þeim af fremsta megni, það finnst mér skylda hvers einstaks manns, sem nokkuð hugsar um velferð þjóðar sinnar; en því er nú ver og miður að þeim fjölgar óðum, sem sýkjast af vesturfarasýkinni, sem gengur eins og skæður sjúkdómur um landið, og munu fá heimili vera að enginn fái hana, meira eða minna. Marga burtkallar hún alveg og þá sem eptir eru gjörir hún óánægða sem íslenzka þjóðfélagsmeðlimi, og eru slíkir betur komnir vestur yfir hafið, en að hýrast hér heima óánægðir og optast og til ama til að

smitta aðra. — En hvernig líður nú þeim, sem komast í þessa ímyndunar sælu? Það er auðvitað spurning sem alls ekki er gott að leysa úr svo áreiðanlegt sé, en fyrir því höfum vér samt fulla vissu að vonirnar bregðast mörgum hrapallega, og margir sem höfðu hér við allgóð kjör að búa, fluttu að eins vestur yfir hafið til þess að eyða eigum sínum og þræla margfalt meira en við Íslendingar getum ímyndað oss.

Læt eg hér svo staðar numið að sinni í þeirri von að fleiri taki þetta mál til umræðu.

— " — " — " —

1.
Ísland mitt kæra, þú fetramma frán
nú förlast þér gæfa, en margfaldast [tjón]
þín börnin þig svíkja, og sigla frá þér
en saknaðarharmurinn brjóstið þitt sker
2.
En börnin sem flýja frá brjóstunum þín
nær brennandi sólin á sléttlendið skín

er hungrið og þorstinn og þreytan þau sjá
með þungbúnum söknuði minnast þau þá
fjallanna háu með hvítþakinn tind
og hlíðanna græn, með svalandi lind
dalanna fögru, og daldanna nið
og drynjandi fossa í gljúfrunum há.

3 + 9

# Göngum í bindindi

Því þegar maður fer að hugsa um hvað af því leiðir að drekka áfenga drykki, þá hlýtur hver maður að sjá að það er einlægt ólán og óhamingja. — Fyrst má geta þess að hver sem neytir áfengra drykkja um of sóar eigum sínum svo að hann þarf að vera uppá aðra kominn með það er hann þarf til að viðhalda lífinu og það þótt ungur sé, og vel vinnandi væri annars. — Annað er það sem af ofdrykkjunni leiðir að hún spillir heilsu mannsins, svo hann getur ekki unnið fyrir lífi sínu. — Hið þriðja er það að ofdrykkjan eyðileggur andlega hæfileika mannsins, og það vita menn að það hefir optar en einusinni komið fyrir, hafi maður — sem stundað hefir nám og gengið vel — farið að drekka þá hefir um leið verið úti um allan lærdóm, því vínið hefir svo sljófgað hans námsgáfur, og meira en það, því það hefir alveg eyðilagt þær, svo hann hefir ekki lengur löngun hvorki til menntunar né nokkurra þarflegra fyrirtækja. Þetta virtist mér ljóst dæmi þess hver áhrif ofdrykkjan hefir á hæfileika mannsins. Til sönnunar því hver áhrif drykkjuskapurinn hefir á heilsu mannsins er hér dæmi sett: Eitt sinn var bóndi nokkur er bjó búi sínu vel og átti konu og börn. Því miður var hann hneigður til víndrykkju, en framan af búskaparárum sínum lét hann skynsemina ráða fyrir sér og neitaði sér um að drekka að mestu leyti

er hann fór að eldast og eigjast í búskapnum
þá fór hann að drekka, en þá var nú svo
sem auð vitað hvernig fara mundi: Hann
hætti að búa vel og sú röð og regla sem var á
öllu í búskap hans áður var nú algjörl. horf-
in og allt gekk á tréfótum. Þannig leið nokk-
ur ár, á undan bú hans var að eyðileggjast
efnin að þverra. Heimilis friður um og sú ein-
drægni sem áður ríkti þar, var horfin. Kraftar
hans þar sí minnkandi og loks lagðist hann
alveg í rúmið. Var þá lækni sóttur og er hann
hafði skoðað hann, sagði hann að mat-
arinn væri svo skemmdur orðinn af
drykkjuskapnum að hann mundi aldrei
ná sér aptur og lífdagar hans mundu
þegar taldir vera. — Af þessu má og
sjá hve illar afleiðingar ofdrykkjan hefir í líf manns-
ins og þó er það sem hér segir ekki nema lít-
ið og ómerkilegt dæmi þess hve mikla og
margfalda óhamingju ofdrykkjan hefir í
för með sér. — Margir munu segja er þessa rit-
gerð lesa að það sé náttúrlega margt sem
út á hana megi setja og játa og að svo sé
enda er höfundurinn óvanur að rita.
Einnig að of lítið sé um hófdrykkjuna talað
en um hana hefi eg minna að segja enda eru
þeir fáir sem brúka vínið í hófi og ekki nema
svo sem 10 af 100, en því er ver að margir
treysta ofmikið á stillingu sína og byrjast því
í fyrstu útí að drekka. Göngum því í bind-
indi áður en við villumst oflangt út af hinni
réttu leið í þessu efni.

Á. B.